

### Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn og kt. rekstraraðila: Icelandic Glacier Charr Kt.	Dags. eftirlits: 29.11.2016	Staðsetning stöðvar: Tunga	Starfsleyfisflokkur: 4
Tengiliður: Þórarinn Kristinsson	Netfang: Tungulax@internet.is	Sími: 893-3087	Gerð stöðvar: Landeldi
Gildistími starfsleyfis: 7.11.2023	Kvittun afhend: já	Viðstaddir eftirlit: Kristinn Þórarinsson	Fulltrúi heilbrigðiseftirlits:

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	x			Fiskeldi og seiðaelði Lífmassi er um 15000 kg, 450-650 g
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	x			Fyrsta eftirlit UST/MAST
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).		x		Er skráð í dagbók/rekstrarhandbók? Fóðurnotkun er skráð
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?		x		Ekki komin
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			x	Á ekki við
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir til staðar? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)		x		Vantar áhættumat og viðbragðsáætlun skv. gr. 1.4

Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			x	Á ekki við
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?			x	Á ekki við
Er neyðaráætlun til staðar?		x		Vantar neyðaráætlun skv. gr. 1.4

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			x	Á ekki við
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	x			Handfóðrun, sjónrænt mat
Er skráning á losun fósfors og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt?  Mælingar eða útreikningar?  Síðustu mælingar?		x		Skv. gr. 2.6. Niðurstöðum mælinga hefur ekki verið skilað inn.
Ástand frárennslis (landeldi). Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitaupgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?	x			Ástand frárennslis í lagi, engin froða set eða útfellingar.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslis, síjun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.	x			Skv. gr. 2.7 og 3.1  Frárennslis liggur í gegnum settjörn og þaðan í á.

Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).				
Umhverfi sjókvía. Hvernig er fylgst með uppsöfnun fóðurleifa – þarf að fylgjast með? Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu?			x	Á ekki við
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.		x		Vantar
Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi?			x	Á ekki við
Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?			x	Á ekki við
Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?			x	Á ekki við
Meðhöndlun úrgangs og spiliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?				Skv. gr. 1.4 og 2.3 Dauðfiskur er urðaður á eigin landi.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?		x		Nei
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.		x		Vantar
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			x	Á ekki við
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?		x		Skv. gr 1.4

<b>Niðurstöður síðasta eftirlits:</b>	
Fyrsta eftirlit UST/MAST til rekstraraðila	
<b>Samantekt:</b>	Til stendur að farga fiski úr stöðinni vegna ótímabærs kynþroska. Um 15 tonn í stöð í heildina, útiker lítil inniker og klakrennur. Rekstur stöðvar verður hugsanlega leigður út.
<b>Frávik</b>	
<b>Athugasemdir</b>	Skráningar ekki svk. gr. 3.1 starfsleyfisskilyrða Áhættumat og viðbragðsáætlun vantar Neyðaráætlun vantar Umhverfisvöktun ekki í samræmi við starfsleyfisskilyrði
<b>Annað</b>	

Undirskrift eftirlitsmanns: Soffía Karen Magnúsdóttir

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Icelandic Glacier Charr ehf. Ytri Tungu



<b>Dags eftirlits</b>	29.11.2016	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Icelandic Glacier Charr ehf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Soffía Karen Magnúsdóttir
<b>Heimili</b>	Ytri Tungu	<b>Tegund eftirlits</b>	Framselt eftirlit
<b>Kennitala</b>	700710-0170	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Þórarinn Kristinsson	<b>ÍSAT nr.</b>	03.22.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Kristinn Þórarinsson	<b>Staðsetning</b>	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar urðunar dauðfisks á eigin landi. Athugasemdir voru gerðar varðandi skráningar í rekstrarhandbók og mat á losun efna út í umhverfið. Einnig eru gerðar athugasemdir við að áhættumat, viðbragðsáætlun v. bráðamengunar, vöktunaráætlun og neyðaráætlun vantar.

Minnt er á að komi til breytinga á eignarhaldi stöðvarinnar þarf að sækja um handhafabreytingu á starflseyfinu til Umhverfisstofnunar.

### UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit þetta var framkvæmt af Matvælastofnun í samræmi við samning þar um sem Umhverfisstofnun og Matvælastofnun hafa gert með hlidsjón af lögum nr. 71/2008 um fiskeldi.

Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávik frá	Lýsing á frávik
Gr. 2.4 í starfsleyfiskilyrðum fyrir fiskeldi á landi	Beita skal bestu fánlegri tækni við meðhöndlun úrgangs og stefna að lágmörkun úrgangs hjá fyrirtækinu. Fyrirtækið skal flokka og endurnýta úrgangs eins og kostur er. Úrgangur sem ekki nýtist skal annaðhvort fluttur til endurnýtingar annarsstaðar eða til förgunar. Rekstraraðili urðar dauðfisk á eigin landi en það er óheimilt, sé ekki um viðurkenndan urðunarstað að ræða. Skv. tölvupósti frá rekstraraðila þann 09. des. sl. varð áttuð á þessum málum.

### ATHUGASEMDIR

Athugasemdir voru gerðar varðandi skráningar í rekstrarhandbók og mat á losun efna út í umhverfið.

Athugasemdir eru einnig gerðar við að rekstraraðili hefur ekki unnið áhættumat og viðbragðsáætlun v. bráðamengunar, neyðaráætlun v. rekstrarstöðvunar og vöktunaráætlun. Bent er á að vinna þurfi þessar áætlanir og senda til eftirlitsaðila.

### ANNAÐ

Skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnareftirlit og reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun skal rekstraraðili vinna vöktunaráætlun fyrir svæðið í samráði við Umhverfisstofnun. Skráningar og niðurstöður vöktunar eiga að vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Einnig skal rekstraraðili vinna neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar, áhættumat og viðbragðsáætlun þar sem tekið er á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaráhöpp.

Skv. starfskilyrðum fyrir fiskeldi á landi ber rekstraraðila að halda dagbók um framleiðslumagn á hverjum stað atvik er varða mengunarvarnir og áhrif á umhverfi og kvartanir og/eða athugasemdir sem berast. Skal eftirlitsaðili hafa aðgang að þeirri dagbók.

04.01.2017

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Guðbjörg Stella Árnadóttir